


Afstöðumynd mkv. 1:500

**Stærðir:**
**Brúttó stærð...1826,5m²........5464,4m³**

Lóð...............2.182,2m²

Lóðarnýting........0,84

## Einangrunargildi:

Botnplata einangruð:..0.3W/m² K
Steyptir veggir...........0.4W/m²K
Gluggar......................2,0W/m²K
Hurðir3,0W/m²K.........3,0W/m²K
Þak...........................0,2W/M²K

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.
28 FEB. 2007
Bent skal á að samþykkt þessi verður ekki virk, fyrr en eftir þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingarinnar og skráningu hennar hjá Fasteignamati ríkisins.
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson

## Byggingarlýsing:

Húsið er 4. hæða 20 íbúða fjölbýlishús með svalagöngum sem skýlt er af með glerplötum. Stiga-lyftuhús er steinsteypt, ópphitað. Stigahúsið flokkast sem B rými. Undir húsinu að hluta er kjallari sem í eru geymslur, hjóla/vagnageymsla og inntaksrými.Frá kjallara er gengt í stigahús og einnig að útitröppum

Íbúð 01-02 er hægt að innrétta með þarfir fatlaðra í huga sem uppfyllir ákvæði byggingarreglugerar.

Húsið skal að öllu leiti byggt í samræmi við gildandi reglugerðir.

Úr öllum gluggalausum rýmum skal komi fyrir loftræstingu.

## Sökklar:

Sökklar steinsteyptir á fyllingu. Niður með sökklum að utanverðu er einangrað 50sm niður fyrir jörð með 75mm plasteinangrun. Að öðru leiti vísast til verkfr. teikn.

## Botnplata:

Botnplata er steinsteypt ofan á þjappaða fyllingu.
Undir botnplötu er einangrað með 75mm plasteinangrun.
Plata er vélslípuð

## Útveggir/Milliveggir:

Útveggir og milliveggir milli íbúðareininga eru steinsteyptir. Útveggir eru einangraðir að utan með 100mm steinull og klæddir með báruðum málmplötum að hluta og sléttum plötum að hluta. Útveggjaklæðningar eru loftræstar. Utan á svalagang eru settar stálstoðir með eyrum til festingar á glerplötum sem mynda skjól á svalagangi en opið er á milli glerplatna svo næg loftræsting fáist.

Á steypta veggi milli íbúðaeininga eru settar grindur sem steinull er sett í og klætt með gipsplötum til að mynda lagnastokka og hljóðeinangra sbr. byggingarreglugerð.

Milliveggir innan íbúða eru gerðir úr léttum grindum klæddir með gipsplötum.

Skilrúm milli geymsla í kjallara eru opin frá lofti og gólfi og gerð úr léttu byggingarefni.

## Gluggar/Hurðar:

Gluggar og útihurðar hússins eru úr timbri með tvöföldu K gleri .

## Þak:

Þak hússins er uppstólað sperruþak á steypta plötu sjá verkfr. teikn. Þakhalli er 14. ˚ Ofan á steypta plötu er sett rakavarnarlag og 200mm steunull með vindvörn á.

Þak er klætt ofan á sperrur með undirlagspappa á og báruðum málmplötum.

## Milligólf:

Milligólf eru steinsteypt. Á milli steypu og gólfefnis skal setja hljóðeinangrandi dúk. Svalagólf eru úr forsteyptum einingum.

## Klæðningar:

Allar loft og veggklæðningar eru í flokki 1

## **Lagnir:**

Öll lagnakerfi hússins s.s. hiti, vatn, frárennsli, rafmagn og lofræsting eru gerð í samræmi við gildandi reglugerðir og vísast til teikninga verkfræðings.

Inntaksrými er í kjallara hússins

## **Lóð/bílastæði:**

Lóðin er í óskiptri sameign, en sérnotaflötur tilheyrir hverri íbúð á 1. hæð sbr. grunnmynd 1.hæðar. Leiksvæði er á vesturhluta lóðar rmeð leiktækjum sbr. grunnmynd. Leiksvæði er útbúið leiktækjum með öryggissvæði skv. staðli og klætt með öryggismöl sbr. reglug. sjá teikn. nr. 6. Á lóðinni eru 32 bílastæði með bundnu slitlagi, þar af 2 fyrir fatlaða 3,0m x 5,0m. Bílastæðin eru í óskiptri sameign.

## Sorp:

Á lóðinni er komið fyrir sorpskýlum 2 stk. 1,3m x7,0m með gróðurbelti umhverfis. Sorpskýlin eru byggð úr steinsteypu. Sorpskýlin getur hvort heldur sem er innihaldið sorptunnu fyrir hverja íbúð eða sorpgáma til flokkunar á sorpi ef svo ber undir.

**Klukkuvellir 5 Hafnarfirði**

**Afstöðumynd og byggingarlýsing**

| | | | |
|---|---|---|---|
| kvarði | 1:500 | teikn. nr. | 1 |
| dags. | 22.12.2006 | breytt: | 15.02.2007 |

Ágúst Þórðarson byggingafræðingur bfí kt. 041051-4509
sími 554 2241, 893 8601 fax 554 2231 netf. rymi@islandia.is
Ingi Gunnar Þórðarson byggingafræðingur bfí kt. 280453-3239
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi sími 554 3523, 897 3523
fax 554 35 23 netfang: igth@simnet.is

| Breytt dags. | Eðli breytinga | Breytt dags. | Eðli breytinga | Breytt dags. | Eðli breytinga | Breytt dags. | Eðli breytinga |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 15.02.2007 | Plöntulisti og leiktæki skv. ósk bæjaryfirvalda |